

# Lífsleikni

## **Kennari: Sigríður Theodóra Kristinsdóttir**

Lífsleikni fléttast inn í allt skólastarfið bæði í leik og starfi. Nemendur rækta hæfileika sína til að lifa ábyrgu lífi í lýðræðissamfélagi sem hefur að leiðarljósi að borin sé virðing fyrir manngildi hvers og eins

Öll kennsla í Grunnskólanum á Hellu byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Í greinahluta aðalnámskrár grunnskóla frá 2013 má lesa um markmið og hæfniviðmið í lífsleikni. Á blaðsíðum 16-24 í 2. kafla aðalnámskrár er fjallað um grunnþætti menntunar og á blaðsíðum 198-203 í 24. kafla aðalnámskrár, sem fjallar um samfélagsgreina má sjá töflu yfir þá hæfni sem hver nemandi skal búa yfir við lok 4. 7. og 10. bekkjar. Sjá:

[http://vefir.nams.is/namsmat/pdf/grunnskoli\\_greinanamskrar\\_netutgafa\\_2013.pdf](http://vefir.nams.is/namsmat/pdf/grunnskoli_greinanamskrar_netutgafa_2013.pdf)

## **Kennsluhættir:**

Nemendur þjálfist í lýðræðislegri þátttöku í skólanum og samfélaginu. Áhersla er lögð á virkni nemenda í tímum þar sem þeim er veitt tækifæri til að tengja saman félagsfærni, tilfinningar, skilning/hugsun og hegðun við fjölbreytilegar aðstæður.

Hugarheimur – nemendur læra að nota skólasafnið og netið við heimildaleit, vinna verkefni um sjálfsmynd, styrkleika og veikleika, heilbrigða og holla lífshætti og tilfinningar.

Félagsheimur – nemendur taka þátt í bekkjarfundum, æfa félagsfærni gegnum hlutverkaleik, æfa sig í að setja sig í spor annara og takast á við ímyndaðar aðstæður, samfélagsleg málefni og álitamál. Ræða reglur í samskiptum fólks og taka þátt í að setja sameiginlegar bekkjareglur.

**Námsgögn:** Veraldarvefurinn, bækur og ljósritað efni

## **Námsmat:**

Lykilhæfni nemenda metin jafnt og þétt í allri vinnu sem fram fer í kennslustofunni ásamt þeim verkefnum sem nemandinn á að sinna sjálfur heima.